INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF

STEFNA 2026-2030

Með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi

IER26090010

5. nóvember 2026

Efnisyfirlit

Ávarp innri endurskoðanda	03
Stefnan á einni síðu	04
Virðisaukandi þjónusta	05
Faglegur styrkur	06
Sterk staða og skýr forgangsröðun	07
Gæði og samræmdir starfshættir	08
Tilgangur og framkvæmd	09

Ávarp innri endurskoðanda

Starfsumhverfi Reykjavíkurborgar er umfangsmikið og fjölbreytt og tekur stöðugum breytingum. Ólík starfsemi, ör tækniþróun, síbreytilegar og samtengdar áhættur og auknar kröfur til stjórnarhátta, gagnsæis og skilvirkni kalla á að Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) þróist í takt við þarfir borgarinnar.

Með stefnu IER 2026-2030 mörkum við skýra sýn á þróun starfseminnar. Við viljum beina kröftum okkar að mikilvægustu viðfangsefnunum, veita stjórnum og stjórnendum gagnlega innsýn og stuðla að umbótum. Til þess þurfum við góða yfirsýn yfir áhættuumhverfið, framsýna nálgun og sveigjanlega forgangsröðun sem tekur mið af nýjum og breyttum áhættum. Við ætlum að eiga reglubundið samtal við stjórnir og stjórnendur um helstu áhættur og áskoranir, skila skýrum og gagnlegum niðurstöðum og fylgja eftir samþykktum úrbótum. Jafnframt ætlum við að styrkja umgjörð um óhæði og faglegt sjálfstæði IER, tengja áhættumiðaða forgangsröðun betur við tiltækar auðlindir og eiga markvisst samtal við stjórnir og stjórnendur um helstu áhættur og áskoranir.

Við munum efla faglega hæfni og sérþekkingu starfsfólks og halda áfram að þróa gæðakerfi og samræmda starfshætti. Ný tækni, gagnagreining og gervigreind skapa tækifæri til að auka gæði og skilvirkni en kalla jafnframt á nýja hæfni, skýra umgjörð og ábyrga notkun. Tæknin kemur þó ekki í stað þeirrar faglegu þekkingar, reynslu og gagnrýnu hugsunar sem innri endurskoðun byggir á.

Stefnan leggur áherslu á að efla faglega getu IER, tryggja gæði starfseminnar og beina kröftum okkar að mikilvægustu viðfangsefnunum. Árið 2030 viljum við að IER standi enn sterkari að vígi sem traust, óháð og framsýn innri endurskoðun sem veitir stjórnum og stjórnendum gagnlega innsýn. Þannig styður IER við góða stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit og þar með getu samstæðu Reykjavíkurborgar til að skapa, vernda og viðhalda virði.



Ingunn Ólafsdóttir
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Kjarni stefnunnar

Hlutverk

Hlutverk IER er að efla getu samstæðu Reykjavíkurborgar til að skapa, vernda og viðhalda virði með óháðri, áhættumiðaðri og hlutlægri staðfestingu og ráðgjöf. Starfsemin styður við bætta stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit, upplýsta ákvarðanatöku og traust á starfsemi borgarinnar.

Framtíðarsýn

Við erum traust og framsækin innri endurskoðun sem þekkt er fyrir fagmennsku og gæði. Við veitum stjórnum og stjórnendum mikilvæga innsýn, beinum sjónum að helstu áhættum og stuðlum að góðum stjórnarháttum og virðissköpun fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar.

Markmið okkar eru:

1 Virðisaukandi þjónusta

Við eigum samtal við stjórnir og stjórnendur, veitum tímanlega og gagnlega innsýn um stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit og fylgjum samþykktum úrbótum markvisst eftir.

2 Faglegur styrkur

Við byggjum á og þróum áfram þá þekkingu, reynslu og faglegu hæfni sem þarf til að veita virðisaukandi þjónustu.

3 Sterk staða og skýr forgangsröðun

Við stöndum vörð um óhæði og faglegt sjálfstæði IER og beinum fjármagni, tíma og mannauði að mikilvægustu viðfangsefnunum.

4 Gæði og samræmdir starfshættir

Við tryggjum stöðug gæði með faglegum og samræmdum vinnubrögðum í samræmi við alþjóðlega staðla.

Virðisaukandi þjónusta

Við eigum samtal við stjórnir og stjórnendur, veitum tímanlega og gagnlega innsýn um stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit og fylgjum samþykktum úrbótum markvisst eftir.

Til að ná markmiðinu munum við:

1. **Móta samskiptaáætlun og efla reglubundið samtal og sýnileika IER** með kynningum, fræðslu og virkum samskiptum við stjórnendur, stjórnir og fagráð. Við ætlum að auka skilning á hlutverki og virði innri endurskoðunar og skapa vettvang fyrir samtal um áhættu, stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit.
2. **Gera skil verkefna skýrari og styrkja samskipti í kjölfar þeirra** þannig að niðurstöður, ábendingar og næstu skref séu ljós. Við viljum skapa sameiginlegan skilning IER og úttektarþega á því hvað þarf að bæta, gera ábyrgð stjórnenda á úrbótum skýra og stuðla að því að niðurstöður IER leiði til raunverulegra umbóta.
3. **Efla eftirfylgniferlið og auka sýnileika opinna ábendinga.** Við ætlum að gera eftirfylgni árangursmiðaðri og auka sýnileika á stöðu samþykktra úrbóta og hvort þeim sé lokið innan samþykktra tímamarka.
4. **Framkvæma þjónustukönnun við lok úttekta** og nýta niðurstöður hennar til að þróa verklag og þjónustu IER. Þannig fáum við hnitmiðaða endurgjöf um gæði, samskipti og virði úttekta sem nýtist til stöðugra umbóta.

Árangursmælikvarðar

- **Mat á virði þjónustu IER:** Að minnsta kosti 85% úttektarþega og annarra lykilhagaðila meta árlega að þjónusta IER og niðurstöður úttekta séu gagnlegar og styðji við umbætur í starfseminni.
- **Úrbætur kláraðar innan tímafrests:** Að minnsta kosti 80% ábendinga sem metnar eru mikil áhætta og nokkur áhætta er lokið við eftirfylgniúttekt IER.

Faglegur styrkur

> Við byggjum á og þróum áfram þá þekkingu, reynslu og faglegu hæfni sem þarf til að veita virðisaukandi þjónustu.

Til að ná markmiðinu munum við:

5. **Byggja upp frekari sérþekkingu starfsfólks með endurmenntun** sem styður jafnframt við fagvottun á næstu 3-5 árum. Þannig eflum við faglega getu IER og sköpum sterkari grunn fyrir sérhæfingu, gæði og fagmennsku til framtíðar.
6. **Þjálfa starfsfólk í reglubundinni framvirkri umhverfis- og áhættugreiningu (horizon scanning).** Með því gerum við áhættumat og verkefnaval IER framsýnna þannig að það taki betur mið af breytingum í áhættuumhverfinu.
7. **Nýta lærdóm verkefna með skipulögðum lokayfirferðum og sameiginlegum fagfundum.** Við ætlum að læra hvert af öðru og nýta lærdóminn við áframhaldandi þróun verklags IER.

Árangursmælikvarðar

- **Framkvæmd endurmenntunaráætlunar:** Að minnsta kosti 85% starfsfólks lýkur samþykktri árlegri endurmenntunaráætlun sem byggir á skilgreindri hæfni- og þekkingarþörf IER.
- **Fagvottun starfsfólks:** Að minnsta kosti um þriðjungur starfsmanna hafa fagvottun sem tengist innri endurskoðun fyrir lok árs 2030.

Sterk staða og skýr forgangsröðun

> Við stöndum vörð um óhæði og faglegt sjálfstæði IER og beinum fjármagni, tíma og mannauði að mikilvægustu viðfangsefnunum.

Til að ná markmiðinu munum við:

8. **Stuðla að því að nýjar samþykktir IER og endurskoðunarnefndar styrki óhæði og faglegt sjálfstæði IER** og skýri hlutverk endurskoðunarnefndar við að standa vörð um fullnægjandi fjármögnun, mannafla, hæfni og önnur aðföng IER. Þannig verði staða IER styrkt og skapaðar stöðugri forsendur til að sinna hlutverkinu af faglegu sjálfstæði.
9. **Styrkja verkefnaáætlanir úttekta** með skýrara umfangi, raunhæfu mati á vinnuframlagi og vinnslutíma ásamt markvissara áhættumati. Við ætlum að hafa skýrari ramma um framkvæmd, forgangsröðun og væntanlegan ávinning hverrar úttektar.
10. **Tengja mannafla og fjármögnun IER við áhættumiðaða forgangsröðun verkefna.** Þannig verður skýrara samhengi milli áhættumiðaðs verkefnavals og tiltækra auðlinda IER.
11. **Móta innleiðingaráætlun um gervigreind og greiningarverkfæri** til að auka gæði og skilvirkni IER. Við munum þróa áfram notkun þeirra til að styðja við skilvirkari prófanir á stýringum, miðlun þekkingar og hagkvæmari skýrslugerð.

Árangursmælikvarðar

- **Úttektir innan áætlunar:** Að minnsta kosti 80% úttekta er lokið innan samþykkts vinnuframlags og vinnslutíma samkvæmt verkefnaáætlun.
- **Áhættumiðuð forgangsröðun:**. Að minnsta kosti 80% verkefna í innri endurskoðunaráætlunum beinist að áhættum sem flokkaðar eru háar eða mikilvægar samkvæmt skilgreindri aðferðafræði áhættumats IER.

Gæði og samræmdir starfshættir

> Við tryggjum stöðug gæði með faglegum og samræmdum vinnubrögðum í samræmi við alþjóðlega staðla.

Til að ná markmiðinu munum við:

12. **Innleiða gæðahandbók og koma á árlegu innra gæðamati** í samræmi við alþjóðlega staðla innri endurskoðunar. Innleiða umbætur á grundvelli niðurstaðna matsins og framkvæma ytra gæðamat á árinu 2028. Með því verður til samræmdari umgjörð um gæði, fagleg vinnubrögð og stöðugar umbætur í starfsemi IER.
13. **Dýpka áhættumat við áætlanagerð IER og kortleggja eftirlit annarra eftirlitsaðila í A og B hluta.** Við ætlum að gera verkefnaval áhættumiðaðra og draga úr óþarfa skörun eftirlits.
14. **Setja skýrt og samræmt verklag um afhendingu gagna og upplýsinga í úttektum,** þar sem væntingar, ábyrgð og skilafrestir eru staðfestir við upphaf verkefnis og brugðist með samræmdum hætti við töfum. Við viljum draga úr töfum vegna upplýsingagjafar og skapa betri forsendur fyrir því að ljúka úttektum samkvæmt áætlun.
15. **Innleiða einfalt og samræmt mat á áhrifum úttekta.** Við ætlum að gera sýnilegri þær umbætur og þann ávinning sem tengja má við niðurstöður og eftirfylgni IER.

Árangursmælikvarðar

- **Framkvæmd innra gæðamats:** Að minnsta kosti 90% yfirfarinna verkefna IER standast innra gæðamat án verulegra frávika.
- **Framkvæmd umbóta úr innra gæðamati:** Að minnsta kosti 80% skilgreindra umbóta er lokið innan 12 mánaða frá samþykkt aðgerðaáætlunar.

Tilgangur og framkvæmd

Stefnan setur sameiginlegan ramma um þróun og starfsemi Innri endurskoðunar og ráðgjafar (IER). Hún tengir saman hlutverk IER, framtíðarsýn, stefnumarkmið og helstu aðgerðir og styður við forgangsröðun fjármuna, tíma og mannauðs. Stefnan byggir á áhættumiðaðri nálgun. Úttektaráætlanir og ráðstöfun auðlinda skulu beinast að þeim viðfangsefnum sem hafa mesta stefnumótandi þýðingu og áhættu fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar. Jafnframt er lögð áhersla á að IER veiti óháða og hlutlæga staðfestingu, ráðgjöf, innsýn og framsýni.

Tengsl við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun

Uppbygging og framsetning stefnunnar er í samræmi við kröfur IIA samkvæmt staðli 9.2, *Stefna innri endurskoðunar* (Internal Audit Strategy), þar sem hún felur í sér framtíðarsýn, stefnumarkmið og stuðningsaðgerðir og gert er ráð fyrir að innri endurskoðandi yfirfari hana reglulega með endurskoðunarnefnd og æðstu stjórnendum. Eftirfylgni með framkvæmd og árangri stefnunnar byggist jafnframt á árangursmælingum í samræmi við staðal 12.2, *Frammistöðumæling*.

Tengsl við COSO

Stefnan styður fimm meginþætti COSO: stjórnunarumhverfi með skýru umboði og sjálfstæði; áhættumat með dýpri og kvikari áætlanagerð; eftirlitsaðgerðir með samræmdu verklagi og gæðahandbók; upplýsingar og samskipti með skýrri skýrslugjöf og samskiptaáætlun; og vöktun með gæðamati, eftirfylgni og mati á áhrifum.

Innri endurskoðandi ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar, forgangsröðun aðgerða og upplýsingagjöf um framvindu. Endurskoðunarnefnd fjallar um stefnuna, fylgist með framkvæmd hennar og styður við óhæði og getu IER til að sinna hlutverki sínu. Stefnan er yfirfarin árlega og endurskoðuð þegar verulegar breytingar verða á hlutverki, áhættuumhverfi, væntingum hagsmunaaðila eða forsendum starfseminnar.

Framvinda stefnunnar er metin með ákveðnum kjarnamælikvörðum sem tengjast stefnumarkmiðunum. Viðmið, ábyrgð, gagnagjafar og mælitíðni eru skilgreind í árlegu mæliblaði í gæðahandbók. Niðurstöður eru nýttar til að meta framvindu, forgangsraða umbótum og endurskoða aðgerðir. Framkvæmdaáætlun stefnunnar er yfirfarin reglulega samhliða mælingum á framvindu og aðgerðir uppfærðar eftir þörfum með hliðsjón af niðurstöðum, breyttum áherslum og forgangsröðun.